



PÉSI

34. ÁRGANGUR | 388 TBL

APRÍL 2024

Athugið!

Næsti Pési kemur út
6. júní. Efni þarf að
berast fyrir **31. maí.**



Vatn úr Blákvísl

Unnið er nú að því að meta forsendur og kostnað við vatnsöflun fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps. Er þar sérstaklega horft til Blákvíslar sem er stór og mikil uppspretta ferskvatns framarlega á Hrunamannaafrétti.

Veitu- og framkvæmdanefnd hefur unnið að málinu að undanförunu og einn liður í því er gerð forathugunar á kostum rafmagnsvirkjunar á umræddri lögn.

Um mjög stórt verkefni er að ræða og því mikilvægt að horft sé vandlega til allra þátta og því hefur til dæmis ÍSOR verið fengið til að meta gæði vatns í Blákvísl. Nefndin hefur einnig hug á að boða til fundar með landeigendum/íbúum uppsveitar vegna þessara hugmynda. Það verður bæði fróðlegt og spennandi að fylgjast með framhaldinu en enginn efast um mikilvægi þess að sveitarfélög geti útvegað fyrirtækjum og íbúum nægt gott neysluvatn.

Please note that on the website fludir.is, you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.



Margt um að vera!

Af vettvangi sveitarstjórnarmála er margt að fréttu og uppsveitir Árnessýslu eru í mikilli sókn svo vægt sé til orða tekið. Hrunamannahreppur er þar ekki undanskilinn og því eru hér nú margir boltar á lofti.

Fyrri umræða um ársreikning sveitarfélagsins 2023 hefur farið fram og er reksturinn góður og niðurstöður jákvæðar. Þrátt fyrir miklar fjárfestingar á síðasta ári er rekstrarniðurstaðan jákvæð eða 122,9 milljóna afgangur af samstæðunni sem nýtist vel til þeirra fjárfestinga sem áætlaðar eru á þessu ári.

Fjárfestingar

Fjárfestingar þessa árs eru núna í startholunum eða þegar hafnar. Veitustjórn sveitarfélagsins vék í upphafi árs fyrir nýrri Veitu- og framkvæmdanefnd, segja má að hún hafi hent sér í djúpu laugina strax.

Fjárfestingarnar eru margar. Gatnagerð heldur áfram í nýju hverfi. Áhugi er mikill á lóðum og fá færri en vilja. Verið er að undirbúa vinnu við hin fjölmörgu verkefni, fá verðtilboð, panta efni, finna verktaka og smíði og reyna að undirbúa allt eins og best getur orðið. Í sumar mun tækjasalurinn færast og jafnframt verður útbúin aðstaða fyrir sjúkrahjálfa. Viðhaldsverkefni grunnskólans halda áfram að koma okkur á óvart en gömul fráveiturör í kennsluganginum eru ónýt og ljóst að bregðast þarf strax við. Ytra byrði skólans er einnig orðið lélegt og verður farið í gluggaskipti og klæðningu þar sem þörfin er mest.

Ráðhúsið flyst aftur heim á efri hæð Félagsheimilis og er hönnun á rýminu í fullum gangi.

Lítill leikvöllur í norðurbæ Flúða mun loks verða að veruleika í sumar, einnig verður hluti af leikvöllinum við grunnskólann endurgerður. Í lækjargarðinum, yfir Hellisholtalækinn, mun koma ný brú í stað þeirrar sem þar er í dag og orðin er léleg. Fráveita frá Akurgerði og Hótel Flúðum verður endurgerð ásamt færslu á hreinsistöð við Birkihlíð. Ákveðið var að leita tilboða í verkið og fékkst í það mjög hagstætt verð. Gámasvæðið okkar er einnig á fjárfestingu þessa árs. Við verðum einfaldlega að taka til hendinni og gera umhverfið miklu betra og skipulagðara. Unnið er að hönnun svæðisins og vonandi náum við að framkvæma á svæðinu seinni part árs.



Vegabætur upp úr Tungufellsdal eru á næsta leiti fyrir komandi umferð sumarsins.

Nýr skáli í Svínárnesi er í hönnun og verið er að leita tilboða. Vegna tekna af lóðaleigu á afréttinum getur sveitarfélagið nú fjárfest í aðstöðu á skálasvæðum en því miður eru núverandi húsakynni ekki okkur til framdráttar. Þar sem um þjóðlendu er að ræða þá verðum við að skila þeim tekjum sem verða til á afréttinum aftur til baka til verkefna innan þjóðlendunnar.

Verkefnin halda áfram

Þrátt fyrir miklar framkvæmdir og næg verkefni þá koma ný verkefni áður en hin klárast. Vaxandi þörf er fyrir kalt vatn og ljóst að bregðast verður við því tiltölulega hratt. Nú þarf að sækja vatn á nýjar slóðir og er nú í skoðun að sækja vatn inn í Blákvísl sem er framarlega á Hrunamannaafrétti.

Einnig þarf að huga áfram að skólahúsnæðinu okkar og allt útlit er fyrir að fjárfesta þurfi í húsnæði áður en langt um líður.

Enn er beðið eftir niðurstöðu úr markaðskönnun vegna Heilsugæslu Uppsveitanna, en biðin hlýtur að taka enda áður en langt um líður. Bygging á nýrri björgunarmiðstöð á Flúðum var rædd á vofundi Héraðsnefndar sveitarfélaganna sem standa sameiginlega að Brunavörnum Árnesinga. Björgunarfélagið Eyvindur og BÁ eru núna klára samninga og því ljóst að það styttest í framkvæmdir. Þetta ásamt svo mörgu öðru er verið að vinna að en áhugi á sveitarfélaginu er mikill sem og trú fjárfesta á svæðinu og verkefnin því ærin.

Vorboðarnir mættir

Það virðist loks vera komið vor eftir frekar leiðinlegan kuldakafla síðustu vikur þar sem lognið fór hratt yfir. Vorboðarnir eru í það minnsta mættir og bændur komnir í startholurnar fyrir þau fjölmörgu vorverk sem biða. Fyrstu folöldin eru að koma í heiminn og sauðburður að hefjast á bæjum.

Um leið og ég þakka fyrir veturinn, þá minni ég á **íbúafund þann 6. maí nk.** þar sem farið verður vel yfir þau mál sem hér hafa verið nefnd sem og önnur. Vona ég að íbúar láti sig málin varða og mæti í gott spjall.

Megi sumarið verða hagstætt og skemmtilegt með öllum þeim fjölmörgu viðburðum sem í boði eru og hvet ég íbúa til að fylgjast með, mæta og njóta!

Gleðilegt sumar.

Jón Bjarnason, oddviti

Gönguferðir í Hrunamannahreppi sumarið 2024

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2024. Þetta er tuttugasta og þriðja sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls sjö. Allar göngurnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema síðasta gangan sem er dagsganga. Frítt er í allar kvöldgöngurnar en innheimt verður fyrir akstur í dagsgönguna.

Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafolk verða Else Nielsen og Vigdis Furuseth, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Allar ferðir verða auglýstar sérstaklega með enn betri lýsingu en hér er þegar nær dregur á Facebook-síðunni „Gönguferðir í Hrunamannahreppi“ og á viðburðasíðu [www.fludir.is](#).

1. ferð er 22. maí. Haukholt – Brúarhlöð – Haukholt um Kónsveg

Lagt af stað kl. 20:00 frá Haukholtum og gengið sem leið liggur inn að Brúarhlöðum.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

2. ferð er 29. maí. Fjölskylduferð á Langholtsfjall og pylsupartí

Lagt af stað frá Álfaskeiði kl. 17.00 og gengið uppá Langholtsfjall og svo aftur niður að Álfaskeiði í gegnum skóginn. Þar verður svo pylsupartí í boði Hrunamannahrepps fyrir göngugarpa.

Frítt í sund fyrir göngugarpa eftir göngu. Áætlaður göngutími er 1-2 klst.

3. ferð er 5 júní. Á milli skóga á Flúðum, Högnastaðaás - Kvenfélagskógur

Lagt að stað frá Félagsheimili Hrunamannahrepps kl. 20.00. Gengið er upp að vatnstanknum sem stendur upp á Högnastaðaás en þaðan er frábært útsýni á góðum degi.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

4. ferð er 12 júní. Fossaganga

Lagt er að stað frá Fossi, gengið er upp með Fossá, gömul virkjun Fossár skoðuð og sögð saga hennar.

Áætlaður göngutími er 2 klst.

5. ferð er 19 júní. Hörgsholt - Sólheimar

Lagt af stað kl 20:00 frá Sólheimum. Hittumst á hlaðinu á Sólheimum. Þar verður safnast í bíla og ekið að afleggjara framan við Hörgsholt þar sem gangan hefst. Skemmtileg og falleg leið þar sem Stóra- Laxá rennur í fallegum gljúfrum.

Áætlaður göngutími ca. 3 klst.

6. ferð er 26. júní. Berghylur - Grænamúli

Í þessari gönguferð ætlum við að skoða nýja vatnstankinn á Berghyl og fara upp á Grænamúla en þaðan er gott útsýni ef veður er með okkur.

Þetta er 2-3 tíma ganga en lagt verður af stað frá Bergyl kl. 20.00.

7. og síðasta ferð sumarsins er sunnudaginn 17. ágúst og er það Stóru-Laxárgljúfurs ganga

Þetta er dagsganga, u.þ.b. 18 km. Ferðin hefst við bæinn Kaldbak. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun.

Allir eru hjartanlega velkomnir.



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14
845 Flúðir

flight@simnet.is

Sími 699 0757

Fréttir frá SS

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, fyrir árið 2023, var haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð, 15. mars sl.

Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannadeild, voru Atli Geir Hrafnkelsstöðum (vara deildarstjóri), Björgvin Hrepphólum, Jón Skipholti og Jóhanna Hrafnkelsstöðum (deildarstjóri). Þess má geta, að deildin okkar er ein af þremur stærstu í SS.

Vel var mætt á aðalfundinn, og umræður málefnalegar. Kom fram í máli Steinþórs forstjóra að aldrei í sögu félagsins hefur reksturinn gengið betur. Hefur félagsstjórnin ákveðið að greiða 8% í viðbót á allt innlegg bænda frá og með 1. apríl.

Ég læt þetta nægja frá mér, að sinni, en bendi á heimasíðu SS þar sem allar nánari fréttir er að finna frá aðalfundinum, auk annarra upplýsinga, sem berast reglulega.

Bestu kveðjur, Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Minka- og refaveiðar að hefjast í vor

Samningar um minka- og refaveiði í Hrunamannahreppi hafa verið samþykktir af sveitarstjórn. Annars vegar við Jón Óla Einarsson og Guðna Guðbergsson sem sjá um veiðar í Tungufelli og á nálægum jörðum, heiðarnar og Hrunamannafrétt. Hins vegar við Jón Inga Grímsson og Eggert Sigurbór Guðlaugsson sem sjá um að veiða í neðri hluta Hrunamannahrepps í byggð, fyrir utan land Tungufells og nálæggra jarða.

Í nýju samningunum er lögð áhersla á veiðar á mink enda hafa þeir átt það til að gera sig heimakomna hér í kring um Flúðir að undanfögnu. Munu Jón Ingi og Eggert leita að og veiða mink meðfram Litlu Laxá fyrstu dagana í maí ef veður leyfir. Munu þeir tilkynna um veiðarnar á íbúasíðunni svo allir séu upplýstir um hvað sé í gangi á meðan á veiðunum stendur.

Kattaeigendur eru beðnir um að hafa í huga að betra er að halda köttum inni á meðan á þessu stendur því veiðihundunum kemur ekki vel saman við kettina svo það er betra að koma í veg fyrir þau kynni.

Íbúar og aðrir eru beðnir um að tilkynna til grayriverhunting@gmail.com ef að vart hefur orðið við minka og eða refi.

Sveitarstjóri



Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðaúðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímarpantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum

Vetraropnun

16. ágúst - 31. maí

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga
kl. 16:00 - 20:30

Einnig opið mánu- og fimmtudaga frá
kl. 06:00 - 09:00 (að öðru leyti lokað á
fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga
kl. 13:00 - 18:00.

Árskort sem gilda í sundlauginna,
íprótta- og tækjasalinn eru á mjög
hagstæðu verði, aðeins 16.000 kr.
Minum á að hjá flestum stéttar-
félögum er hægt að sækja um styrk.

Miðfellshlaupið

Miðfellshlaupið verður haldið 1. júní og er verkefni sem er hugsað til að hvetja til almennrar hreyfingar og heilsueflingar. Hlaupið er unnið í samstarfi við Heilsueflandi Uppsveitir og opið öllum.



Boðið verður upp á þessar vegalengdir:

1,2 km (99% á gangstétt)

3 km (ganga/skokk)

5 km (ganga/skokk/hlaup, byrjar í Miðfellshverfinu, skutl verður í boði)

10 km (skokk/hlaup, byrjar við íþróttahúsið)

Hlaupið byrjar kl. 11 og liggur hlaupaleiðin á milli íþróttahúss á Flúðum og Miðfellshverfisins, og fylgir reiðvegi og malarvegi meðfram Miðfelli að vestanverðu.

Það verður ekki rásnúmer eða tímataka en það verður markklukka þar sem þátttakendur geta séð tíma sinn þegar í mark er komið. Vakin er athygli á því að þátttökugjald er í formi greiðsluseðils í heimabanka eftir að hlaupi er lokið. Nánari upplýsingar má finna á fésbókarsíðunni: Heilsueflandi Uppsveitir og á heimasíðum sveitarfélaganna.

Í ár höfum við sem stöndum að Miðfellshlaupinu ákveðið að allur ágóði hlaupsins renni til vinnustofu VISS á Flúðum. VISS á Flúðum er sértækt þjónustuúrræði og jafnframt vinnustaður fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu frá 18 ára aldri þar sem veitt er hæfing, félagsþjálfun, starfsþjálfun og vernduð vinna. „Enginn getur allt en allir geta eitthvað“ er haft til hliðsjónar í öllum þáttum starfsins á VISS.

VISS hefur tekið virkan þátt í samfélagslega verkefnum þannig að eftir því er tekið. Þau hafa t.d verið með ratleik, „steinar sem gleðja“ verkefnið, perlað fyrir Kraft og safnað fyrir góðum málefnum.

„Enginn getur allt en allir geta eitthvað“

150 ára fæðingarafmæli Einarssonar

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd býður til dagskrár **sunnudaginn 12. maí** vegna þess að 150 ár eru í ár liðin frá fæðingu myndhöggvarans Einarssonar frá Galtafelli sem að marga mati er einn fremsti listamaður sem Ísland hefur alið.



PS. Einar er fæddur 11. maí en vegna mikillar dagskrár í Listasafni Einarssonar þann dag var ákveðið að hér myndum við halda upp á daginn degi síðar.

Dagskráin hefst kl. 14:00 í Hreppólakirkju.

- Sigurður Jónsson, Ásgerði, segir frá kynnum sínum af Einari og minningum sínum frá jarðarför hans árið 1954 sem fram fór frá Hreppólakirkju.
- Pétur Ármannsson, arkitekt, fjallar um áhrif Einarssonar á íslenska húsagerð.
- Sigurður Trausti Traustason, stjórnarformaður Listasafns Einarssonar fjallar um listamanninn og verk hans.
- Leiði listamannsins í Hreppólakirkju-garði verður síðan vitjað áður en haldið er til Flúða þar sem skilti um listamanninn verður afhjúpað og kaffiveitingar í boði fyrir þá sem það vilja þiggja í lokin.

Allir hjartanlega velkomnir og takið endilega með ykkur gesti.

FÁÐU SLYSID BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**
- þú færð þitt



botarettur.is

Húrra! Húrra!

Loksins er komið að þessu!

Rusladagur í Hrunamannahreppi verður haldinn þann 10. maí.

Nemendur og starfsfólk skólanna okkar hefur leikinn fyrir hádegi með því að hreinsa í Flúðahverfinu, sunnan Litlu Laxár. Að verki loknu verður þeim svo boðið upp á grillaðar pylsur og svaladrykk.

Klukkan 16 tókum við til hendinni á ný. Við ætlum að hittast við Sæsabar þar sem verður skipað í leitir (ruslaleitir). Úthlutað verður ruslapokum, hönskum og tilheyrandi á staðnum. Allir sem vettlingi geta valdið, fullorðnir sem börn, eru hvattir til að koma og taka þátt. Margar hendur vinna létt verk.

Óskum eftir bílum/dráttarvélum/fjór hjólum með kerrur til að taka þátt. Börn eru á ábyrgð fullorðinna.

Endum svo daginn og fögnum góðu verki við Sæsabar kl. ca. 17:30.

Ýmsar skemmtilega veitingar í boði fyrir alla aldurshópa.

Stígum rusladansinn, spilum ruslabingó og höfum gaman saman.

Ruslatilboð verður á Sæsabar.

Hvetjum alla, íbúa, sumarhúsaeygendur og hjólhýsagesti, sem eru búnir að vera duglegir að taka til, að koma og njóta veitinganna.

Gerum fallegu sveitina okkar en fallegri.

Kolbrún Kristín Danielsdóttir, ruslamálaráðherra 2024

Orðsending frá ruslamálaráðherra

Ég vil sérstaklega hvetja alla þá sem skreyta innkeyrslur sínar plön, lóðir og garða með númerslausum bílhræjum og brotajárni að láta nú hendur standa fram úr ermum og koma þessum ósóma í förgun.


Þetta setur svartan blett á sveitina okkar. Glöggt er gests augað.

ATH.

Íþróttamaður ársins

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd óskar eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins í Hrunamannahreppi, fyrir afrek ársins 2023. Með tilnefningunni þarf að fylgja rökstuðningur fyrir tilnefningunni. Viðkomandi þarf að vera búsettur í Hrunamannahreppi en má stunda sína íþrótt annarsstaðar en í Hrunamannahreppi.

Óskað er eftir að tilnefningarnar verði sendar á tölvupóstfangið sigfrid@fludir.is fyrir 1. júní nk.



Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is

Fóttaæðgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímarpantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum
Sími 861 9682



**Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur**

Axel
Sími 860 7073



Tónleikar í Hrunakirkju

— 4. maí kl. 16 —

Gítarleikarinn Hróðmar Sigurðsson og bassaleikarinn Ingibjörg Elsa Turchi spila í Hrunakirkju þann 4. maí kl.16. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð þeirra sem fram fer víðsvegar um landið vor og sumar 2024. Tvíeykið leikur frumsamda tónlist sem væntanleg er á plötu á þessu ári, en þau hafa nú þegar gefið út tvö lög sem komin eru á streymisveitur. Einnig munu þau leika tónlist af plötum þeirra beggja; Meliae (2020) og Stropha (2023) eftir Ingibjörgu og plötu Hróðmars frá 2021 sem er samnefnd honum.

Hróðmar Sigurðsson leikur á rafgítar (lap steel gítar)
og Ingibjörg Elsa Turchi á rafbassa.

Frítt er inn á tónleikana

*Tónleikaröðin er styrkt af Menningarsjóði FÍH
og Flytjendasjóði listamannalauna.*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir (hruni@fludir.is)

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir (svanhildur@fludir.is)

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

pesi@fludir.is

www.fludir.is